

## 12. fundur Sögunefndar Keflavíkur 1949-1994

Fundurinn fór fram í Google Meet þann 25. ágúst kl. 18:05.

Mættir: Erla Guðmundsdóttir, Stefán Jónsson, Árni Jóhannsson, Ragnhildur Árnadóttir einnig voru viðstaddir Eiríkur Páll Jörundsson og Árni Daníel Júlíusson og Kristinn Jakobsson sem ritaði fundargerð

### Dagskrá:

#### 1. Útgáfa bókar stærð, síðufjöldi, útlit og eintakafjöldi

Ákveðið var að hafa bókina sömu stærðar og fyrri bækur Sögu Keflavíkur. Eiríkur og Árni Daníel mun ræða um útlit og fjölda síðna í bókinni þannig að höfundur viti hve mikið hann getur skrifað af texta inn í bókina. Bókin verður líklega sett upp í Indesing umbrotsforrit sem heldur vel utan um allan texta, myndrit og ljósmyndir. Eiríkur Páll mun hefja störf við ritstjórn söguvefs í september og afla upplýsinga um prentun bókarinnar.

#### 2. Framvinda ritunnar.

Árni Daníel reiknar með að skila texta 6-700 síðum af samfelldum texta um miðjan september. Þá hefst umbrot bókar og innsetning texta og val á myndum. Auðsýnt er að bókin mun ekki taka við öllum rituðum texta. Þeim texta sem ekki kemst fyrir í bókinni verður með tenglum og vísunum á söguvefinn þar sem ítarefni verður aðgengilegt s.s. viðtöl, hljóðbrot og myndbönd

Árni Daníel er að leggja lokahönd á ritun kafla um innviði og menningu.

#### 3. Aðstoðarmaður ritara.

Ekki reyndist mögulegt að ráða aðstoðarmann rithöfundar til heimildaöflunar, enginn sótti um starfið. Kristinn lagði til að nefndarmenn verðu 2-3 dögum í að leita greina á tímarit.is eftir forskrift Árna Daníels, aðallega í Þjóðviljanum og Alþýðublaðinu á sögutíma. Nefndarmenn tóku vel í það. Árni Daníel mun senda nánari lýsingu á hvernig hann óskar eftir skilum á þessari vinnu, tímabil, efnisorð og skil á greinum og hlekkjum í heimildir.

#### 4. Önnur mál

Engin

Fleira var ekki gert og var fundi slitið kl. 18:50.